

Vegna Frumvarps til laga, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða ( veiðistjórn grásleppu **Mál 521.**)

Ég fagna því að atvinnuveganefnd alþingis leggi fram þetta frumvarp og ég tel að komið sé hér á móts við flest þau ssjónarmið sem fram hafa komið í umræðum og á samráðsgátt undanfarin ár.

Með því að setja grásleppu í aflamark er hægt að stunda veiðarnar á mun hagkvæmari og ábyrgari hátt en nú er. Það fyrirkomulag sem nú er gengur ekki lengur upp.

Menn hafa haft áhyggjur á samþjöppun með kvótasetningu, alveg eins má kalla það samþjöppun í núverandi kerfi þar sem hægt er að eiga eins mörg leyfi og menn vilja sem ganga kaupum og sölum og einnig hægt að sameina þau til stækkunar á skipakosti.

Þegar menn vita hvaða afla má veiða hjá hverri útgerð þá býrðu til mestu verðmætin. Með hlutdeildarsetningu verða til meiri vermæti úr veiðunum og fyrirsjáleiki. Menn munu stunda veiðarnar eins og gert er á þorskanetum þar sem menn sníða sér stakk eftir vexti og eru með þann netafjölda (**með takmörkunum þó**) sem þörf er á miðað við sitt aflamark og stærð báts, og mun því netum fækka til muna í heild í sjó miðað við það sem nú er, sem rík krafa er um að verði við þessar veiðar, einnig minni þörf á veiðieftirliti.

Einnig mun hlutdeildarsetning koma í veg fyrir að menn leggi net, leyfilegan hámarksfjölda neta fyrir brælu til þess að nýta alla dagana í einhverju kapphlaupi eins og nú er gert.

Meðafli og brotkast myndi minnka til muna við hlutdeildarsetningu og þau rök sem ég hef fyrir því er að þá geta menn tekið upp net vegna bræluspar eða þá tímabundin óhagstæðan meðafla, hver bátur með færri net í sjó og geta hagað sínum veiðum á sem ábyrgastan hátt án þess að verða skertir um daga. Veiðialag mun dreifast á lengri tíma og afurðarverð verður stapila. Minni kostnaður í olíu og veiðafæri, betra hráefni að landi.

Ef takmarkaður,óljós dagafjöldi er eins og núverandi kerfi er uppbyggt þá freistast menn til að leggja þann hámarksnetafjölda sem leyfilegur er og taka ekki upp net fyrr en dagafjölda líkur sem oftast liggur óljós fyrir. Vertíðin 2023 voru gefnar út 5 reglugerðir um dagafjölda byrjað á 25 dögum, endaði í 45 dögum með ýmsum breytingum og margir búnir með sína daga og komnir á annan veiðiskap þegar loka reglugerðin um heildar dagafjölda leit dagsins ljós, það sér hver heilvita maður að þetta gengur ekki upp. Það er engin fyrirsjáleiki í núverandi kerfi og framlegðin því léleg. Veiðarnar mjög kostnaðarsamar.

Ég skora því á alþingi að samþykkja þetta frumvarp setja grásleppu í aflamark eins og aðrar tegundir, umhverfissamtök sem hamast nú við að stoppa þessar veiðar, þau linna ekki látum ef við getum ekki sýnt fram á ábyrgar veiðar.

Bestu kveðjur,  
Einar E. Sigurðsson Raufarhöfn  
(Undirritaður hefur stundað grásleppuveiðar frá 1988)